



FUNDARGERÐ

207. fundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs
haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 , 13. nóvember 2019
og hófst hann kl. 14:00.

Fundinn sátu:

Ágúst Sigurðsson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Benedikt Benediktsson, Anton Kári Halldórsson, Valtýr Valtýsson, Ómar Sigurðsson, Hulda Karlsdóttir og Klara Viðarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Hulda Karlsdóttir, .

Formaður lagði til að við bættist liður 9, fundargerð SOS stjórn 285, það var samþykkt og aðrir liðir færast til í samræmi.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit Sorpstöð 30092019 - 1911020

Rekstraryfirlit til loka sept. 2019 og viðauki 1

Rekstraryfirlit jan-okt 2019 lagt fram til kynningar.

Viðauki 1 við rekstraráætlun 2019 lagður fram og samþykktur samhljóða.

2. Gjaldskrá Sorpstöð 2020 - 1911019

Tillaga að gjaldskrá 2020

Lögð fram tillaga að nýrri gjaldskrá Sorpstöðvarinnar fyrir árið 2020 og var hún samþykkt samhljóða.

3. Rekstraráætlun Sorpstöð 2020 - 1911021

Tillaga að rekstraráætlun 2020

Rekstraráætlun fyrir árið 2020 lögð fram. Gert er ráð fyrir að tekjurnar verði 163,4 m.kr. og gjöld fyrir utan fjármagnsliði 158,4 m.kr. Gert er ráð fyrir handbært fé frá rekstri verði 36,2 m.kr. og að fjárfestingar verði 20 m.kr. Áætlunin er samþykkt samhljóða.

4. Reglur um sorphirðu - 1909030

Endurskoðun samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Rangárvallasýslu.

Endurskoðuð samþykkt um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði Sorpstöðvarinnar lögð fram. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

5. Brennsluofn fyrir dýrahæ og aðrar dýraleifar - 1901058

Staða umhverfismats o.fl.

Staða málsins kynnt. Fram kom að SOS hefur samþykkt að taka þátt í verkefninu.

6. Flokkun á lífrænum úrgangi - 1901057

Staða mála varðandi Bokhasi leiðina kynnt.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "BS", "OS", and "206".

Björk Brynjarsdóttir kynnti stöðu mála varðandi moltugerð með Bokhási aðferðinni á þeim lífræna úrgangi sem safnast á svæðinu. Björk vinnur málið áfram með starfsfólki Sorpstöðvarinnar en í undirbúningi er að gera tilraun í smáum skala á Strönd.

7. Gámaplön á starfssvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs - 1904010

Staða mála

Lagt fram tölvuskeyti frá hreppsnefnd Ásahrepps varðandi aukna þjónustu á grenndarstöð við Meiri-Tungu. Í ljósi þess að ekki hefur verið tekin ákvörðun um rekstrarfyrirkomulag grenndarstöðva er afgreiðslu málsins frestað.

Svar frá Rangárþingi eystra varðandi þetta mál hefur ekki borist.

Rætt var um mönnun á grenndarstöðvum meðan á vorhreinsun stendur.

Nauðsynlegt er að framtíðar skipulag varðandi grenndarstöðvar liggi fyrir um áramót. Samhliða því þarf að endurskoða þjónustustig, opnunartíma o.fl. Huldu og Ómari falið að taka saman gögn um heimsóknir á Strönd eftir árstímum og vikudögum.

8. SOS - stjórn 284 - 1909032

Fundargerð frá 04.09.2019

Lagt fram til kynningar

9. SOS - stjórn 285 - 1911032

Lögð fram til kynningar.

10. SOS - 286.stjórnarfundur - 1911015

Fundargerð frá 02.10.2019

Lögð fram til kynningar


Fundargerð yfirlésin og samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:55.


Ágúst Sigurðsson


Benedikt Benediktsson


Ásta Berghildur Ólafsdóttir


Hulda Karólína